

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *69. fundur.*

að Hlíðavegi 6, Föstudaginn 18. desember 2009, kl. 10:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fulltrúar Umhverfisstofnunar mæta til fundarins.
3. Fjárhagsáætlun 2010, síðari umræða.
4. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009.
5. Deiliskipulag Geiteyjarströnd 1.

Til kynningar:

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson.

1. **Fundarsetning.**
Oddviti setti fund.
2. **Fulltrúar Umhverfisstofnunar mæta til fundarins.**
Til fundarins komu Kristín Linda Árnadóttir, Hjalti Guðmundsson, Kristján Geirsson og Bergþóra Kristjánsdóttir.

Bergþóra sagði frá verkefnum sem Ust hefði staðið fyrir á verndarsvæði Mývatns og Laxár s.l. sumar. Þar kom m.a. fram að heilmikill tími hafi farið í að eyða Lúpinu og Skógarkerfli auk hefðbundinna verkefna, lagfæringa á göngustígum, viðgerð á pöllum að Leirhnjúki, ruslatínsla úr fjöruborði Mývatns ofl. Sami fjöldi vinnuvikna landvarða er á milli árána 2008 og 2009, auk sjálfboðaliða.

Fram kom hjá forstjóra Umhverfisstofnunar Kristínu Lindu að árið 2010 myndu starfsmenn stofnunarinnar einbeyta sér meira að verndarsvæðinu m.a. vegna niðurskurðar fjármuna til stofnunarinnar, þar yrðu menn að hagræða eins og annarsstaðar. Þá hefur jafnframt verið rætt við forstjóra Vatnajökulsþjóðgarðs um að þjóðgarðurinn komi með einhverjum hætti inn í gestastofuna.

Ýmislegt fleira rætt.

3. Fjárhagsáætlun 2010, síðari umræða.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur sveitarsjóðs (samstæðunnar) verði 303,1 millj. og gjöldin 309,4 millj. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er áætlaður tekjuafgangur 965 þús.

Heildarfjárfestingaráætlun fyrir 2010 hljóðar uppá 20 millj.

Samkvæmt niðurstöðum fjárhagsáætlunar eru 17 milljónir króna handbærar frá rekstri á árinu 2010. Framkvæmdum umfram það verður mætt með eigin fé.

Oddviti gerði að tillögu sinni að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina.

4. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009.

Frestað.

5. Deiliskipulag Geiteyjarströnd 1.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Héðni Sverrissyni dags. 14. des. þar sem óskað er eftir því að meðfylgjandi deiliskipulagstillaga (verknr: 09-107) verði tekin til afgreiðslu.

Tillagan sýnir uppdrátt af svæði sem fyrirhugað er undir gistirými. Jafnframt kemur fram á deiliskipulagsuppdrættinum að ekki liggi fyrir staðfest aðalskipulag af umræddu svæði. Vegna þessa vill sveitarstjórn benda á bókun frá fundi 7. júní 2007 svohljóðandi:

„Bréf frá UST dags. 30. maí, álit v/breytinga á aðalskipulagi við

Geiteyjarströnd 1.

Á fundi sveitarstjórnar 12. apríl sl. var ákveðið að leita álits Umhverfisstofnunar á hugmynd um breytingu á aðalskipulagi í landi Geiteyjarstrandar 1. Hugmyndin lítur að því að skipulagt verði ferðaþjónustusvæði undir smáhýsi rétt austan núverandi íbúðarhúss. Í umsögn Umhverfisstofnunar segir: *“Umhverfisstofnun telur að sú hugmynd að reisa nokkur smáhýsi í landi Geiteyjarstrandar 1 geti vel gengið svo vel fari. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að ekki liggur fyrir deiliskipulag og því hefur ekki farið fram endanleg úttekt á hvernig er best að staðsetja húsin í landinu og endanlega stærð*

þeirra liggur ekki fyrir. Umhverfisstofnun áskilur sér því allan rétt till að koma frekar að málinu ...”

„Sveitarstjórn samþykkir að halda málinu áfram þegar deiliskipulagstillaga að fyrirhuguðu ferðaþjónustusvæði liggur fyrir.“

Sveitarstjórn hefur ekki borist deiliskipulagstillaga af svæðinu sem nefnt er í bókuninni frá 2007 og því hefur málinu ekki verið haldið áfram og þ.a.l. ekki verið gerð breyting á aðalskipulagi á umræddu svæði. Sveitarstjórn óskar eftir að lögð verði fram ein deiliskipulagstillaga, þar sem framtíðarstefnumörkun um nýtingu svæðisins kemur fram.

Sveitastjórn hafnar að taka deiliskipulagstillögu (verknr: 09-107) unna af Búgarði til auglýsingar þar sem ekki hefur farið fram breyting á aðalskipulaginu af fyrrgreindum ástæðum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson.